

## **Umsögn íbúaráðs Breiðholts, dags. 8. nóvember 2023, um tillögu um að færa starfssemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu.**

Með bréfi, dags. 11. október 2023, óskaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, eftir umsögn frá íbúaráði Breiðholts vegna tillögu um að færa starfssemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu en sú tillaga var lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2023.

### **Samantekt umsagnar**

Íbúaráð Breiðholts hefur skilning á mikilvægi þeirrar almennu stefnumótunar að hafa samfellda starfssemi í skólahúsnæði borgarinnar, að nýting þess sé sem allra best, að húsnæði sé hannað og hugsað út frá fjölbreyttum þörfum skóla- og frístundastarfs. Jafnframt tekur ráðið undir að visst tækifæri felist í fyrirhugaðri enduruppbyggingu húsnæðis í Hólabrekkuskóla, m.a. til að bæta aðstöðu frístundastarfs. Á hinn bóginn hefur skólastarf í Hóla- og Fellahverfi margvíslega sérstöðu í samanburði við önnur hverfi borgarinnar. Af þessum ástæðum óskar íbúaráðið eftir því að skóla- og frístundaráð horfi til fleiri þátta, þá styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri fylgja ólíkum sviðsm myndum fyrir unglíngamenninguna í hverfinu út frá sérstöðu þess. Hér verður að horfa til atriða eins og þróun íbúasamsetningar, þróun í fjölda barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, samfélagslega þátttöku barna, ungmenna og annara íbúa, framboð frístundastarfsemis innan hverfis og tengja í ríkari mæli við óformlega nám og forvarnastarf sem félagsmiðstöðin hundrað og ellefu styður við.

Íbúaráðið leggur til að niðurstaða Æskulýðsrannsóknarinnar um félagslega stöðu og líðan fjöltyngdra barna verði líka lögð til grundvallar í vinnunni, leitað verði inn í háskólasamfélagið og að skoðað verði með markvissari hætti þau tækifæri sem felast í meira samstarfi og samþættingu náms milli grunnskólanna, félagsmiðstöðvarinnar og Fjölbrautaskólans í Breiðholti þannig að umskiptin milli skólastiga verði ungmennum ákjósanlegur valkostur og meira í takti við ríkjandi unglíngamenningu á hverjum tíma. Þannig yrði hægt reynt að koma til móts við þarfir, vonir og væntinga ríkjandi unglíngamenningar á hverjum tíma.

### **Tillagan Skóla- og frístundarráðs ásamt málsmeðferðartillögu var svohljóðandi:**

*Í ljósi áherslu á aukna samnýtingu húsnæðis er lagt til að starfsstöð félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu sem er staðsett í Gerðubergi 1 verði færð í Hólabrekkuskóla og Fellaskóla og starfssemi hætt í Gerðubergi. Unnið verði í samstarfi við unglíngana, starfsfólk félagsmiðstöðvar og skólanna að því að skilgreina betur starfsemi og ákveða hvort að félagsmiðstöðin Hundraðogellefu verði áfram starfssemi undir sama hatti eða tvær félagsmiðstöðvar staðsettar í sitthvorum skólanum. Jafnframt var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga: Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að afla umsagna viðeigandi aðila um tillögu um tilfærslu starfssemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu áður en hún verði lögð fyrir ráðið til afgreiðslu.*

### **Greinargerð**

Í greinargerð með tillögunni er vísað í tvær stefnur, annars vegar stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 en samkvæmt henni er gert ráð fyrir því að starfssemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði í grunnskóla eða húsnæði tengt lóð viðkomandi skóla. Slíkt fyrirkomulag er nú þegar við lýði í flestum hverfum í Reykjavík að félagsmiðstöð og grunnskóli mynda eina heild eins og er til staðar í Breiðholtsskóla. Hins vegar er vísað til stefnu

Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, en sú stefna byggir á menntastefnu Reykjavíkur til 2030 og Græna Planinu. Tilgreint er hvernig byggingarnar geti stutt við innleiðingu á þessum stefnum. Í stefnunni um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf kemur fram að tryggja þarf að hægt sé að laga byggingar fyrir skóla- og frístundastarf að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar, samnýttar frá morgni til kvölds.

### **Árangur í frístundastarfi fyrir 10-18 ára**

Íbúaráð vill tala fyrir þeim hópi barna sem búa í hverfinu. Börn sem eru hvorki í skipulögðu íþróttá né tómstundastarfi, búa við brothætt bakland heima og efnahagslegan ójöfnuð. Fyrir þau eru félagsmiðstöðin visst akkeri, staðsetning er á hlutlausum stað, mitt í milli skólanna tveggja innan hverfis þar sem aukin og virk þátttaka í skipulögðu íþróttá og tómstundastarfi er viðvarandi verkefni. Um er ræða gríðarlega mikilvægan samverustað, vettvang til að mæta þörfum unglinga í hverfinu, veita þeim öruggan, fastan blett þar sem ríkjandi unglíngamenning innan hverfisins er í forgrunni og jafningjahópurinn er sterkt afl félagsmótunar og fær stuðning, aðhald og valdeflingu undir eftirliti fagfólksins og starfsmanna.

Margir fræðimenn hafa fjallað um sterk áhrif jafningjahópsins sem geta bæði verið góð eða slæm miðað við ríkjandi gildi samfélagsins á hverjum tíma eins og Arne Sjölund setti fram árið 1976 um styrk hóps og áhrif hans á einstaklinga. Newman og Newman settu fram hugmyndir árið 2001 um mikilvægi jafningjahópsins og félagslega stöðu einstaklings innan hans enda er að þeirra mati mikilvægur þáttur í lífi hvers unglings að skilja jafningjahópinn og átta sig á eigin stöðu innan hans eða gagnvart honum. Þannig er forvarnagildi félagsmiðstöðva ótvírætt og sú staðreynd að unnið er með einstaklinga á grundvelli hóps eða sem hluta af hópi þar sem hópþrýstingur, hópamyndun, formgerð hópa, staða einstaklinga innan hóps og leiðtogar innan hópa eru til stöðugar skoðunar. Í þessu sambandi saknar íbúaráðið þess að ekki séu til haldbærar upplýsingar um innra starf, hvernig starfið aðlagar sig að ákalli unglínganna og kemur til móts við þarfir þeirra yfir tímabil þannig að hægt sé að safna upplýsingum um þróun breyttra þarfa og haldbærari upplýsingar til að byggja ákvarðanatöku út frá einmitt til að koma til betur móts við þarfir jafningahópsins og styðja við faglegt starf.

### **Styrkleiki og sérstaða hverfisins**

Í tölulegum upplýsingum sem skóla- og frístundasvið heldur úti þá sést sérstaða og styrkleiki Breiðholtsins, sérstaklega í þeim hverfishluta sem félagsmiðstöðin 111 þjónustar umfram öll önnur hverfi borgarinnar. Frá árinu 2016 hefur hlutfallsleg aukning fjöltyngdra barna í leikskólum í hverfisins farið úr 38% yfir í 54% og í grunnskólum 32% í 43%. Innan fárra ára mun tilfærsla barna úr leikskólum mæta inn á gólf grunnskólanna og hlutfall fjöltyngdra barna mun hækka í samræmi við hlutfallslega aukningu fjöltyngdra barna í leikskólunum innan hverfisins. Þegar horft er til nýtingar á frístundakorti innan hverfisins þá er 65% drengja og 56% stúlkna er nýta frístundastyrkinn sem er lægsta nýting frístundakortsins í öllum hverfum borgarinnar.

Í því hverfi sem félagsmiðstöðin þjónar er því fjölmennasti hópur barna og ungmenna sem ekki nýta frístundakortið og vísbending um að viss menning er ríkjandi innan hverfisins að börn sækja ekki frístund í 1-4 bekk né finna sig í skipulögðu íþróttá – og tómstundastarfi. Verkefnið, Frístundir í Breiðholti hefur borið árangur og aukið þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu starfi fyrir utan skólann sinn. Sá hópur sem ekki tekur þátt þarf því annan öruggan og fastan samastað og þarna gegnir *félagsmiðstöðin gríðarlega miklu máli.*

Svo er það málumhverfið og tímalengd vöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningabakgrunn. Ef börn mæta ekki í frístund, stunda ekki íþróttir eða skipulegt tómstundastarf fyrir utan skóladaginn sinn þá takmarkar það mikið tímalengdina sem barnið er í íslensku málumhverfi. Á [heimasíðu miðju máls og læsis](#) eru upplýsingar um hvaða skilyrði eru fyrir gæðastundum í tungumáli en það er í mannlegum samskiptum, fjölbreyttri notkun tungumálsins eins og í gegnum spjall og frásagnir og í gegnum margskonar samhengi eins og bækur og söng. Með því að lengja skilyrðin og skapa vettvang sem uppfylla ofangreinda þætti lengjum við tímann sem fjöltyngd börn og ungmenni eiga samskipti sín í milli. Þess vegna er mikilvægt að hafa sterka félagsmiðstöð sem býður upp á fjölbreytt óformlegt nám við tónlistarsköpun, listir og tölvubúnað við myndbandagerð samhliða að sinna forvörnum, inngildingu, valdeflingu og virkri hlustun um flóknar tilfinningar unglingsáranna. Starfsfólkið les í hópinn sinn, hefur byggt brú traust og virðingar og er fyrsti aðilinn sem nemur þegar breytingar verða á hópamyndun, hvernig unglingamenning breytist eða þegar kjarni hættir að mæta.

### **Að byggja upp traust utan skóla á vettvangi frítímans**

Félagsmiðstöðin 111 hefur náð að sameina unglingamenningu tveggja skóla sem eru með hæsta hlutfall barna af erlendum uppruna undir einn hatt. Skapa samkennd, tryggja öryggi og veita þeim rými og svigrúm til að eiga hlutlausan, óformlegan samastað utan veggja skólanna en á sama tíma að styðja við þroska þeirra og velferð. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að hafa óformlegan stað utan veggja skólans eins og [Tania de St Croix & Louise Dohert](#) í glænýrri grein 'sem var birt í upphafi ársins It's a great place to find where you belong': creating, curating and valuing place and space in open youth work. Í ljósi þessarar greinar er fastur samastaður fyrir utan hefðbundin skólahúsnæðið í hverfi sterkur grunnur til að byggja upp hlutlausan stað sem börn sækja í og læra byggja upp traust við starfsfólkið sem þar vinnur.

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður íbúaráðsins í Breiðholti